

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 2. september 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-92/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 5. júlí sl. bað A, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaup vegna rafmagnshitapottar sem hann keypti af fyrirtækinu B, en potturinn sé gallaður. Álitsbeiðandi segist aðallega fara fram á það að seljandi „taki pottinn til baka og greiði mér að fullu kr. 406 þúsund + dráttarvexti frá 12/7 '08 þegar potturinn bilaði.“ Til vara að hann fái nýtt lok á pottinn og við hann verði gert nú þegar og að pottinum fylgi nýtt ábyrgðarskírteini til tveggja ára frá þeim degi að potturinn komist í lag.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 8. júlí sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 19. júlí. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 18. ágúst sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt gögnum sem álitsbeiðninni fylgdu greiddi álitsbeiðandi 22. október 2007 kr. 150.000 sem fyrstu greiðslu upp í kaupverð pottsins og 20. febrúar 2008 kr. 256.000 sem aðra greiðslu. Álitsbeiðandi tekur fram að hann hafi hvorki fengið reikning né kvittun fyrir pottinum.

Í álitsbeiðni segist álitsbeiðandi hafa pantað pott af stærðinni 3-5 manna á haustdögum 2007. Um áramótin 2007/2008 hafi komið pottur fyrir 4-6 menn og hafi hann samið við seljanda um að taka þann pott fyrir sama verð eða kr. 406.000. Með pottinum hafi komið allt of stórt lok sem hann hafi skilað en samt sem áður fengið of stórt lok í staðinn. Sér hafi verið sagt að þetta væri eina lokið sem eftir stæði og hlyti að eiga að vera á pottinum sem hann keypti.

Vegna mikilla snjóá um veturinn hafi potturinn ekki verið tengdur fyrr en í maí 2008. Þá hafi komið í ljós að tenging við dælu hafi verið brotin og því hafi potturinn lekið. Álitsbeiðandi kveðst hafa fengið nýtt stykki um miðjan júní. Hinn 12. júlí 2008 hafi önnur tenging gefið sig og potturinn verið bilaður síðan þá en aðeins hafi verið hægt að nota pottinn í þrjár vikur. Allt hafi gengið í basli síðan en hann hafi átt í tölvu- og símasamskiptum við seljanda sem oftast hafi endað þannig að seljandi hafi hætt að svara.

Aðfaranótt 17. september 2008 hafi gengið yfir ofsaveður og lokið á pottinum sem verið hafi of stórt hafi tekið á sig svo mikinn vind að allar festingar hafi slitnað. Síðan þá hafi þurft að hafa farg á lokinu.

Í nóvember 2008 hafi seljandi þótt ætla að útvega það stykki sem vantað hafi annað hvort frá Bandaríkjunum eða Þýskalandi og beðið sig að taka nákvæmt mál af því.

Álitsbeiðandi sagðist hafa komið stykkinu til seljanda í stað þess að taka mál af því sem seljandi hafi þegið. Þetta hafi verið 20. nóvember 2008. Ekkert nýtt stykki hafi komið. Í símtali sem hann hafi átt við seljanda í júní eða júlí 2009 hafi seljandi spurt sig hvort hann þekkti ekki pípulagningamann sem gæti smíðað stykkið fyrir þá. Álitsbeiðandi kveðst hafa talað við mann sem dæmt hafi allt innvolsið í pottinum meira og minna ónýtt, skipta þyrfti um öll rör og samsetningar. Á þessum tíma hafi seljandi verið búinn að týna stykkinu sem hann hefði fengið í hendur þannig að ekki hafi verið hægt að smíða nýtt eftir því en hann hafi þóst vera búinn að fá nýja tegund af tengingu. Álitsbeiðandi segist hafa farið til að skoða nýju tenginguna en hún hafi engan veginn passað. Hann hafi boðið seljanda að koma og tengja pottinn með nýju tengingunni sem hann að sjálfsögðu hafi ekki þegið.

Hinn 20. október 2009 kveðst álitsbeiðandi hafa fengið póst frá seljanda um að birgir hans segðist vera hættur að framleiða umrætt stykki og hann yrði því að láta smíða það héraðs en ekkert hafi gerst.

Álitsbeiðandi segist hafa farið fram á það við seljanda 7. nóvember 2009 að hann tæki pottinn og endurgreiddi kaupverðið en ekkert svar fengið. Um mánaðamótin maí júní 2010 hafi hann hringt í seljanda sem hafi verið hissa á því að potturinn skyldi ekki vera kominn í lag þar sem álitsbeiðandi hefði verið með pípulagningamann sem skoðað hefði pottinn í fyrrasumar. Álitsbeiðandi kveðst þá hafa boðið seljanda að taka pottinn gegn greiðslu á kr. 300.000 og að málið yrði þá úr sögunni. Á það hafi seljanda ekki litist of vel en ætlað að koma og skoða pottinn eftir kl. 17.00 þann dag, þ.e. 12. júní sl. Enn sé seljandi ekki kominn og hafi hvorki svarað ítrekuðum símhringingum né tölvupósti.

IV

Niðurstaða kærufndarinnar

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og B falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki notfært sér þann kost sem kærufndin gaf honum til að andmæla málatilbúnaði álitsbeiðanda. Kærufndin verður því að því er málsatvik varðar að byggja á frásögn álitsbeiðanda.

Í 1. mgr. 15. gr. laga segir að söluhlutur skuli hvað varði magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun fullnægja þeim kröfum sem leiði af samningi. Í 2. mgr. sömu lagagreinar segir m.a. að leiði ekki annað af samningi skuli söluhlutur:

- a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
- b. hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað;
- c. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að neytandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;
- d. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan.

Í 16. gr. laga nr. 48/2003 segir að söluhlutur teljist vera gallaður sé hann ekki í samræmi við þær kröfur sem koma fram í 15. gr. laganna.

Kærunefndinni þykir ljóst af frásögn álitsbeiðanda að seljandi hafi ekki afhent vöruna með þeim hætti sem álitsbeiðandi mátti vænta, þ.e. að þau lok sem álitsbeiðandi fékk yfir pottinn hafi ekki verið af réttri stærð. Seljandi lagði álitsbeiðanda til nýja tengingu í stað þeirrar sem reyndist brotin en hefur ekki getað lagt álitsbeiðanda til aðra tengingu, hvorki nýja né smíðaða hér á landi, sem í ljós kom 12. júlí 2008 að hafði gefið sig að sögn álitsbeiðanda. Samkvæmt frásögn álitsbeiðanda stendur svo enn og sé honum potturinn því ónothæfur. Hvernig samskiptum aðila var háttað, að því er síðari tenginguna varðar, má sjá af tölvupóstum þeirra sem álitsbeiðninni fylgdu en þykir óþarft að rekja hér. Í þeim samskiptum kemur hvergi fram að bilun á tengingunni sé sök álitsbeiðanda eða stafi af aðstæðum sem hann varðar. Í álitsbeiðni lýsir álitsbeiðandi því að hann hafi talað við mann sem dæmt hafi allt „innvolsið“ í pottinum ónýtt og að skipta þyrfti um öll rör og samsetningar. Kærunefndin tekur fram að hún tekur ekki afstöðu til þeirrar fullyrðingar.

Hins vegar er það álit kærunefndar að potturinn sem álitsbeiðandi keypti, og seljandi hefur hvorki getað lagt til rétt lok á né nýja tengingu svo að potturinn verði álitsbeiðanda nothæfur, sé gallaður í skilningi þeirra lagagreina sem raktar eru hér að framan.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 er kveðið á um úrræði neytanda þegar söluhlutur reynist gallaður. Eitt þeirra, sbr. d-lið 1. mgr. lagagreinarinnar, er að neytandi getur krafist riftunar á kaupnum samkvæmt ákvæðum 32. gr. laganna, en sú er aðalkrafa álitsbeiðanda í þessu máli. Í 32. gr. segir að í stað afsláttar geti neytandi krafist riftunar á kaupnum nema galli sé óverulegur. Það er álit kærunefndarinnar að um ekki óverulega galla sé að ræða þegar tenging í nýlegum rafmagnshitapotti bilar og seljandi getur ekki bætt úr því og ekki heldur afhent lok á pottinn af réttri stærð. Kærunefndin álfur því að fallast verði á riftunarkröfu álitsbeiðanda. Þessi niðurstaða hefur í för með sér að seljanda ber að greiða álitsbeiðanda kaupverð pottarins, kr. 406.000, gegn skilum á pottinum. Sá kostnaður sem af þeim skilum kann að leiða er á ábyrgð seljanda. Enda þótt álitsbeiðandi hafi komið pottinum fyrir og notað hann eitthvað heldur hann engu að síður rétti sínum til riftunar, sbr. c-lið 1. mgr. 51. gr. laga nr. 48/2003. Þau not sem álitsbeiðandi hafði af pottinum virðast það óveruleg að kærunefndinni þykir ekki ástæða til að ákveða seljanda endurgjald fyrir þau, sbr. ákvæði 1. mgr. 50. gr. laga nr. 48/2003.

Að því er vaxtakröfu álitsbeiðanda varðar fer hún að áliti kærunefndarinnar eftir 1. málslíð 2. mgr. 50. gr. laga nr. 48/2003 en þar segir að eigi seljandi að endurgreiða kaupverð söluhlutar beri honum að greiða vexti í samræmi við ákvæði vaxtalaga frá þeim degi er neytandi tilkynnti seljanda að hann myndi bera fyrir sig gallann. Í tölvupósti álitsbeiðanda frá 7. nóvember 2009 kemur fram krafa hans um að seljandi taki pottinn og endurgreiði kaupverðið. Kærunefndin fær ekki betur séð en þá fyrst tilkynni álitsbeiðandi seljanda um að hann ætli að bera fyrir sig galla á pottinum í skilningi 1. málslíðar 2. mgr. 50. gr. laga nr. 48/2003 og eigi því rétt til þess að seljandi greiði honum vexti í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags.

V
Álitsorð

Álitsbeiðanda, A, er heimilt að rifta kaupum sínum á rafmagnshitapotti hjá seljanda, B, gegn skilum á pottinum sem seljanda ber að kosta. Seljandi greiði álitsbeiðanda kr. 406.000 með vöxtum samkvæmt 3. og 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 7. nóvember 2009 til greiðsludags.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir